

Stæðilegur fálki risinn á Hellissandi



Glöggir vegfarendur hafa ef-
laust tekið eftir stæðilegum fálka
sem stendur á opna svæðinu við
skógræktarsvæðið Tröð á Hell-
issandi. Hörður Rafnsson, smíða-
kennari við Grunnskóla Snæfells-
bæjar, á heiðurinn af þessu verki
og hlaut hann aðstoð frá Bar-
tolomiej Janewicz, nemenda við

Grunnskóla Snæfellsbæjar, við
vinnu og uppsetningu.

Listaverkið er faglega unnið tré-
verk sem er tæpir fjórir metrar að
hæð en þar má sjá stoltan fálka
sem hefur fangað rjúpu í vetrar-
búning. Verkið er smekklegr við-
bót í þá miklu listaflóru sem Hell-
issandur hefur uppá að bjóða.

SJ

Meistaramót Jökuls



Meistaramót GJÓ 2025 var
haldið dagana 5.-6. ágúst síðast-
liðinn. Gott veður var á meðan
keppni stóð yfir en fresta þurfti
keppni einu sinni vegna slæmrar
veðursþár. Klúbbmeistarar GJÓ
2025 eru þau Rögnvaldur Ólaf-
sson og Rebekka Heimisdóttir.
Sigurvegari í 1. flokki karla er

Hjörtur Guðmundsson og sigur-
vegari í 2. flokki karla er Birgir
Natan Hreinsson. Að lokinni
keppni bauð Sjoppa kylfing-
um upp á pizzu og drykki. Á
myndinni eru þau Rebekka og
Rögnvaldur klúbbmeistarar með
verðlaunaskildi sína.

JJ

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org

Falleg samvinna

Eins og gefur að skilja eru leikföng mikið notuð á leikskóla og þar af leiðandi slitna þau og skemmast. Oft hefur börnunum á Krílakoti þótt erfitt að horfa á flottu en biluðu Dúa bílana og annað útidót upp í hillu og mega ekki fá að leika með það.

Þá vaknaði sú hugmynd hvort einhver í Höllinni, félagsmiðstöð eldri borgara í Snæfellsbæ, hefði áhuga á að koma í samstarf við okkur við viðhald á leikföngum. Undirrituð þar þetta undir Sigrúnu Harðardóttir í algjörrí óvissu um hvort hugmyndin væri fáránleg eða möguleg. Sigrún greip boltann á lofti og sagðist geta komið þessu áleiðis til góðra manna. Stuttu síðar mætir Tēni upp á leikskóla til að skoða hvað um var að ræða. Honum var ekki lofað háu tímakaupi, teiknuðum myndum og barnasöng. Launin og verkefnið vöfðust ekki fyrir Tēna og tók hann starfið að sér og sagði að í framhaldinu gætu hann byrjað haustið á að yfirfara það sem þyrfti.

Elstu börnin fengu það hlutverk að rölja niður á pláss með dótíð í stórru kerru. Í Höllinni var konunglega tekið á móti okkur og boðið upp á kex og safa. Tēni hafði fengið Jón til að vinna verkefnið með sér og tóku þeir okkur fagnandi. Sanný hvíslaði að börnunum litlu leyndarmáli um þá fé-



laga. Þeir væru svo frábærir smiðir að bræðurnir í fjöllumunum, nefn- um engin nöfn, bæðu þá stundum að hjálpa sér þegar mikið væri að gera því þeir vildu ná að gleðja öll börnin í Snæfellsbæ.

Það liðu ekki margar vikur þar til hringt var og tilkynnt að búið væri að gera við allt dótíð og Dúa bílarnir hafi allir staðist skoðun.

Í stuttu máli þá voru bílarnir glæsilega uppgærdir og nýmálað-

ir. Smiðunum hafði fjölgað því Björn hafði bæst í hópin. Ánægja skein í gegnum verk smiðanna því bílunum höfðu verið gefin ný númer og tileinkaðir þekktum vörubílstjórum hér í bæ. Þar hafa gengið í endurnýjun lífdaga vörubílar Hadda Tomm, Gísla Jóns, Sverris á Mosfelli og Olla.

Þökkuðu börnin fyrir sig með

söng og var mikil gleði að fara út að leika og óhætt að segja að nóg sé að gera hjá ungu vörubílsjórum á Krílakoti.

Sjaldan eða aldrei hef ég tekið þátt í ánægjulegra og meira gefandi verkefni þar sem allir aðilar uppskáru ungir sem aldnir.

Guðríður Þórðardóttir

Boltinn í sumar

Liði Víkings hefur gengið vel í boltanum í sumar. Af síðustu 5 leikjum liðsins hafa þeir einungis tapað einum leik en af 16 spiluðum leikjum í sumar hafa þeir sigrað 7, gert 4 jafntefli og tapað 5 leikjum. Víkingur situr í 5. sæti 2. deildar Íslandsmeistarátóts KSÍ með 25 stig eftir 16 umferðir, aðeins 4 stigum á eftir Dalvík/Reyni sem situr í 2. sæti deildarinnar. Liðið hefur skorað 32 mörk í sumar en fengið á sig 25, þar eru Ingvar Freyr Þorsteinsson, Kwame Quee og Luis Alberto Diez Ocerin markahæstir með 5 mörk hver. Sex leikir eru eftir af Íslandsmótinu og gæti restin af tímabilinu orðið æsispennandi. Næsti leikur liðsins er heimaleikur þann 13. ágúst við Hauka og þann 16. ágúst heimsækja Víkingar svo Þrótt Vogum.

Þá er Víkingur einnig kominn í undanúrslit í Fótþolti.net bikarnum og eiga þeir leik við Gróttu á Vivaldivellinum þann 20. september þar sem kemur í ljós hvort liðið komist í úrslitaleik bikarsins á Laugardalsvelli þann 26. september.

Lið Reynis hefur hins vegar átt erfitt uppdráttar í sumar en það sem af er sumri hefur liðið tapað öllum sínum leikjum í A riðli 5. deildar Íslandsmóts KSÍ. Eftir 12 umferðir hefur liðið fengið á sig 98 mörk og skorað 9, þar af er Björn Óli Snorrason markahæstur með 5 mörk. Lið Reynis situr því í neðsta sæti riðilsins en tveir leikir eru eftir af sumrinu, heimaleikur gegn KM þann 16. ágúst og útileikur gegn Skallagrím þann 25. ágúst.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímáparentanir í síma 436-1111



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Framkvæmdasumar í Snæfellsbæ

Líkt og undanfarin ár er heilmikið í gangi í Snæfellsbæ yfir sumartímann. Þegar vel viðrar tekur bæjarfélagið, einstaklingar og fyrirtæki sig til og sinna viðhaldi, endurbótum og framkvæmdum á eignum og umhverfi. Í ár engin undantekning þar á og hefur Snæfellsbær víða ráðist í framkvæmdir. Malbikun Akureyrar mætti á Snæfellsnesið líkt og hefur verið annað hver ár og var innkomuna inn í Ólafsvík malbikuð frá Klumbu og að félagsheimilinu Klifi auk þess sem var lagt nýtt malbik á Vallholt, Skipholt, efsta part Grundarbrautar og Engihlíðina í Ólafsvík, á Hellissandi var Naustabúð malbikuð og göngustígurinn við Keflavík var kláraður auk þess sem nýjrir körfu-

boltavellir á skólalóðir í Ólafsvík og Hellissandi voru malbikaðar. Við Naustabúð á Hellissandi var gatan grafin upp, vatnslagnir endurnýjaðar, ljósleiðari lagður áður en gatan var svo malbikuð og í Vallholti í Ólafsvík var gatan grafin upp, skólþ- og vatnslagnir endurnýjaðar, ljósleiðari lagður áður en gatan var malbikuð og gangstéttir steypar. Þá var þakdúkur á Lýsuskóla endurnýjaður að hluta, sinnt var viðhaldið á Ráðhúsi Snæfellsbæjar, endurbætur á félagsmiðstöð unglunga hélt áfram og ný stálþil voru sett við Norðurgarðinn í Ólafsvíkurhöfn. Því skal þó haldið til haga að þetta er ekki tæmandi listi yfir þær framkvæmdirnar sem hefur verið farið í í Snæfellsbæ í sumar.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Afmælistmót Vestarr



Sunnudaginn 27. júlí var haldið upp á 30 ára afmæli Golfklúbbsins Vestarr í Grundarfirði. Boðið var til afmælistmóts þar sem leikin var punktakeppni og 74 keppendur voru skráðir til leiks. Hallmar Gauti Halldórsson úr Vestarr fór með sigur úr bítum með 47 punkta, Bent Russel frá Vestarr var í 2. sæti með 41 punkt og Katrín Gísladóttir úr Golfklúbbum Jökli var í 3. sæti, einnig með 41 punkt. Golfvöllurinn var í toppstandi og í lok mótsins var afmælisveisla fyrir keppendur, styrktaraðila og velunnara klúbbsins. Í afmælisfögnuðunum að mótinu loknu var golfvelli félagsins, sem áður hét Báravöllur, gefið nýtt nafn. Helga Ingibjörg Reynisdóttir, Páll Guðmundsson og Ásgeir Ragnarsson skipuðu nafnanefnd sem fór yfir tillögur sem bárust að nýju nafni og

afhentu þau Garðari Svanssoni, formanni Golfklúbbsins Vestarr, skilti með nýju nafni en völlurinn ber nú nafnið Grundarfjarðarvöllur. Golfklúbburinn fór í mikla vinnu til að fjármagna kaup á landi klúbbsins í lok árs 2024 með aðstoð Grundarfjarðarbæjar og styrkjum frá einstaklingum og fyrirtækjum og fór Anna María Reynisdóttir, gjaldkeri klúbbsins, yfir þá vegferð og þakkaði öllum þeim sem aðstoðuðu við að gera þetta verkefni að veruleika. Hulda Bjarnadóttir, forseti Golf-samband Íslands, hélt ræðu og var hún hrædd yfir samhug samfélagsins gagnvart golfklúbbum og afhenti hún svo hjónunum Helgu Ingibjörgu og Bent gullmerki GSÍ fyrir óeigingjarnt starf í þágu golfklúbbsins Vestarr. Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson við afmælisfögnuðinn.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Strengir troða upp í frystiklefanum

Hljómsveitin Strengir mun heimsækja Breiðafjarðarsvæðið um næstu helgi, þeir munu koma fram á Sumarhátíð Flat-eyjar þann 15. ágúst og laugardaginn 16. ágúst verða þeir í Frystiklefanum Rífi.

Strengir eru Bragi Árnason, Leifur Gunnarsson og Páll Sólmundur Eydal. Þeir hafa slegið í gegn með Simon & Garfunkel prógrammi og hljómleikum um borð í flugvélum PLAY. í Rífi bjóða þeir uppá tónleika með hressu dans poppi, hugljúfum dægurperlum, diskói og óvæntum smellum.





GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFTÆÐI - METNADUR - SAMKENND

Laus staða við Grunnskóla Snæfellsbæjar

Laus er staða stuðningsfulltrúa við skólann í 70% stöðugildi.

Starfssvið sstuðningsfulltrúa:

- Leiðbeinir nemendum í samskiptum við nemendur og starfsfólk.
- Vinnur að uppeldi og menntun nemenda.
- Aðstoðar nemendur í leik og starfi.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku er skilyrði

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga.

Umsóknarfrestur er til 21. ágúst.

umsóknareyðublað er á heimasíðu Snæfellsbæjar undir laus störf.

Upplýsingar veitir Vilborg Lilja Stefánsdóttir skólastjóri í síma 894 9903.



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

INNRIÐUN FYRIR HAUSTÖNN 2025

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir haustönn 2025 **hefst 18. ágúst**. Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans að Hjarðartúni 4-6 í Ólafsvík. Einnig er hægt að senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is Nemendur sem eru að ljúka árið 2025 þurfa að staðfesta áframhaldandi skólavistun fyrir haust 2025, og ef breytingar eru á hljóðfæranámi.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu, þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

Hálft nám reiknast sem 60% af fullu gjaldi.

Í þeim tilvikum sem systkini yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafláttur. Systkinaafláttur skal nema 25% fyrir annað systkini og 50% fyrir þriðja systkini. Aflátturinn reiknast ávallt af ódýrasta náminu.

Systkinaafláttur á eingöngu við um systkini, ekki frændsystkini, þó svo lögheimili og greiðandi sé sá sami.

A.T.H.

Við innritun hefur forráðamaður skuldbundið sig, að greiða skólagjöld út önnina.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar má finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Bestu kveðjur
Skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

Ólafsvíkurvaka var haldin 3. - 5. júlí

Vel lukkuð Ólafsvíkurvaka fór fram dagana 3. til 5. júlí. Hátíðin var í höndum gula og rauða hverfisins í ár og var mikið lagt uppúr fjölbreyttri og vandaðri dagskrá fyrir alla aldurshópa. Bærin íðaði af lífi og fastir liðir voru á sínum stað eins og Regnboga-

hlaupið, fjölskyldudagskrá í Sjómannagarðinum, skróðgangan og brekkusöngur en þar að auka var sandkastalakeppni, dorgveiðikeppni, skákmót, fjölskyldudiskó, miðnætursund, aflrauna-keppni, golfmót og lengi mætti upp telja.

Bærinn var að vanda skreyttur í öllum regnbogans litum og ætluðu margir sér að steypa gula hverfinu af stóli þegar kom að því að vinna best skreytta hverfið í ár. Allt kom fyrir ekki og gula hverfið hlaut sigurinn enn á ný. Mikil ánægja var með vel heppn-

aða helgi sem bæjarbúar og gestir tóku virkan þátt í.

Bleika og bláa hverfið munu svo sjá um skipulag og utanumhald Ólafsvíkurvöku 2027 en fyrst verður Sandara- og Rifsaragleðin 2026 haldin hátíðleg.

SJ

